

Alþingi

Erindi nr. B 117 / 607

Lomudagur 26 / 1 19⁹⁴25.1.1994.**Félagsdómstólar á Norðurlöndum, skipan þeirra og verksvið.****1. Inngangur.**

Hér á eftir er í grófum dráttum gerð grein fyrir þeim meginreglum sem gilda um skipan og verksvið vinnudómstóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Sameiginlegt með þessum dómstólum öllum er að aðilar vinnumarkaðarins tilnefna dómara í dóminn. Einstaklingar eiga yfirleitt ekki aðild að málum fyrir þessum dómstólum, þau eru rekin af samtökum vinnuveitenda og launþega. Dómstigið er aðeins eitt og dómur Félagsdóms því yfirleitt endanlegur. Markmiðið með stofnun þeirra var að tryggja hraða málsmeðferð og sérfræðipækkingu vegna sérstaks eðlis vinnudeilna. Í Danmörku og Noregi er valdsvið dómstólsins í meginatriðum líkt og hér á landi, þ.e. að dæma í málum varðandi kjarasamninga og lögmæti verkfalla. Tekið skal þó fram að Danir hafa nokkra sérstöðu vegna samningsbundinna gerðardóma (faglig völdgift) sem fjalla um túlkun kjarasamninga. Valdsvið sænska félagsdómsins var lengst af svipað en hefur síðan verið vikkað verulega. Sænski félagsdómurinn dæmir nú í flest öllum málum er varða samskipti launþega og vinnuveitanda.

2. Danski félagsdómurinn.**2.1. Lög nr. 317 frá 13. júní 1973.****2.2. Skipan:**

Reglulegir dómurarnir eru 12 og varamenn 28, einn formaður, þrjú varaformenn og tveir varamenn fyrir þá auk ritara réttarins.

Vinnuveitendur kjósa 6 dómara og launþegasamtökin jafnmarga til þriggja ára í senn. Þar af tilnefnir danska vinnuveitendasambandið, DA, 3 dómendur og 6 til vara, önnur samtök vinnuveitendafélaga á almennum vinnumarkaði sameiginlega 1 dómara og 4 varamenn og opinberir vinnuveitendur, ríki og sveitarfélög, sameiginlega 2 dómara og 4 varamenn. Danska alþýðusambandið, LO, tilnefnir 4 dómara og 7 varamenn og önnur launþegasamtök sameiginlega tvo dómara og 7 til vara.

Dómendur kjósa formann og varaformenn. Ritari dómstólsins er skipaður af dómsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu réttarins.

Dómurarnir eru yfirleitt 7 í hverju máli, einn formaður auk þriggja dómenda frá hvorri hlið. Í vissum tilvikum geta dómendur orðið 9 og eru þá formennirnir þrjú.

2.3. Verkefni.

Dómurinn dæmir í málum um:

1. Brot og túlkun á aðalkjarasamningi DA og LO og samsvarandi aðalkjarasamningum.
2. Brot á kjarasamningum. (Mál um túlkun á kjarasamningum fara fyrir gerðardóm, "faglig völdgift").
3. Lögmati boðaðrar vinnustöðvunar hafi henni verið mótmælt innan 5 daga.
4. Mál um hvort kjarasamningur er fyrir hendi.
5. Lögmati verkfallsaðgerða sem boðaðar eru til að knýja á um gerð kjarasamnings á sviði þar sem samningur er ekki fyrir.

Á mál undir úrlausn gerðardóms getur Félagsdómur vísað því frá. Mál sem samkvæmt framansögðu sæta dómi Félagsdóms verða ekki höfðuð fyrir almennum dómstólum.

Viðkomandi heildarsamtök vinnuveitenda og stéttarfélaga reka mál fyrir dómnum. Félög sem ekki eru meðlimir slíkra samtaka reka mál sín sjálf. Sama gildir um ófélagsbundna vinnuveitendur.

Dómar vinnudómstólsins eru endanlegir og aðfarahæfir.

Samkvæmt lögnum gilda reglur DA og LO um meðferð ágreiningsmála (Norm for Regler for Behandling av faglig Strid) í öllum tilvikum þar sem ekki hefur verið samið um aðrar fullnægjandi reglur. Samkvæmt þeim er í vissum tilvikum gert ráð fyrir sérstakri sáttameðferð til að freista þess að jafna uppkominn ágreining áður en mál er höfðað.

3. Norski félagsdómurinn.

3.1. Lög 5/5 nr. 1 1927 um vinnudeilur.

3.2. Skipan:

Reglulegir dómara eru 7, formaður og sex aðrir dómara og eru þeir skipaðir til þriggja ára í senn. Fjórir dómara ásamt varamönnum eru tilnefndir af aðilum vinnumarkaðarins. Samkvæmt lögnum geta vinnuveitendasamtök sem hafa 100 meðlimi og minnst 10.000 launþega og stéttarfélög með minnst 10.000 félagsmönnum hvert um sig tilnefnt tvo menn í dóminn ásamt varamönnum. Af þeim sem þannig eru tilnefndir eru tveir frá hvorri hlið skipaðir í dóminn ásamt varamönnum. Séu tillögur fleiri skal tekið tillit til stærðar viðkomandi félaga við val dómara.

Dómararnir mega ekki vera félagar í stéttarfélagi eða í stjórn vinnuveitendasamtaka. Þeir mega heldur ekki vera fastráðnir í þjónustu þeirra. Formaðurinn og annar þeirra dómara sem skipaður er án tilnefningar skulu einnig uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara. Hinn dómari má ekki hafa þá stöðu að hann geti talist vera fulltrúi annars hvors aðila. Í reynd eru allir þrír embættisdómarar.

3.3. Verkefni.

Dómurinn dæmir í málum um:

1. Brot á kjarasamningum, gildi þeirra og túlkun.
2. Lögmæti vinnustöðvunar
3. Ábyrgð vegna brota á kjarasamningum og ólöglegra vinnustöðvana

3.4. Aðild.

Heildarsamtök þeirra vinnuveitenda og stéttarfélaganna sem eru aðilar kjarasamnings reka mál fyrir dómnum. Félag sem ekki eru meðlimir slíkra samtaka reka mál sín sjálf. Sama gildir um ófélagsbundna vinnuveitendur. Samtökin geta afsalað sér aðild að málum í hendur þeirra félaga sem undirritað hafa samninginn.

Dómar Félagsdóms eru endanlegir og aðfarahæfir. Frávísunardómar og úrskurðir um frávísun eru kærnlegir.

4. Sænski félagsdómurinn.

4.1. Lög 1974 um réttarfar í vinnudeilum.

4.2. Skipan:

Mest þrjú forsetar, mest tveir varaforsetar ásamt 16 öðrum dómurum eru skipaðir af ríkisstjórn til þriggja ára. Forseti og varaforseti, sem skulu vera löglærðir og reyndir dómara, eru ásamt þremur öðrum valdir úr hópi manna sem hvorki geta talist gæta hagsmuna vinnuveitenda eða launþega. Þrjú aðrir dómara skulu hafa sérstaka þekkingu á aðstæðum á vinnumarkaði. Hinir þrettán eru tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

Vinnuveitendasambandinu, 4 dómara
 Samtökum sveitarfélaga, 1 dómari
 Ríkinu sem vinnuveitanda, 1 dómari
 Alþýðusambandinu, 4 dómara
 Samtökum skrifstofufólks, tveir dómara.

Einstök mál dæma mest sex og fæst fjórir dómara auk forseta. Dómara tilnefndir að aðilum eru þá annaðhvort einn eða tveir frá hvorum aðila.

4.3. Verkefni.

Félagsdómur dæmir í málum varðandi ágreining um kjarasamninga og annað er varða samskipti vinnuveitenda og launþega.

Dómstóllinn dæmir sem fyrsta dómstig í málum sem höfðuð eru af vinnuveitenda- eða launþegasamtökum eða vinnuveitanda sem sjálfur hefur gert kjarasamning ef málið varðar:

1. Deilu um kjarasamning eða aðra vinnudeilu skv. lögum um atvinnulýðræði.
2. Aðrar vinnudeilur ef kjarasamningur gildir milli aðila eða um starf launþega sem málið varðar fer samkvæmt kjarasamningi sem vinnuveitandinn er bundinn af.

Héraðsdómur dæmir í öðrum málum, t.d. þeim málum sem einstaklingar höfða. Slíkum málum má áfrýja til vinnudómstólsins.

4.4. Aðild.

Samtök vinnuveitenda og launþega, sjá hér að ofan.

Dómar vinnudómstólsins eru endanlegir og aðfarahæfir. Þó er mögulegt að sækja um áfrýjunarheimild í sérstökum undantekningartilvikum. Slík heimild hefur aðeins verið veitt einu sinni.